

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2000

frá 30. nóvember 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2000 frá 27. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/1999⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 7, 11.1.2001, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 2, 11.1.2001, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 5e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB) í XI. viðauka við samninginn:

- „5ea. **32000 D 0518:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 1).“
- 5eb. **32000 D 0519:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/519/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ungverjalandi (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 4).
- 5ec. **32000 D 0520:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7).“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB, 2000/519/EB og 2000/520/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

E. Gerner